

## Þróunarsjóður innflytjendamála 2012

### Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Nazanin

**Nafn styrkþega:** Marta Nordal/Aldrei óstelandi

**Útdráttur:** Um er að ræða leiksýningu þar sem flytjandinn í sýningunni er pólitískur flóttamaður frá Íran að nafni Nazanin Askari. Hún flúði land sitt í kjölfar forsetakosninganna árið 2009 þegar hin svokallaða Græna hreyfing varð til og mótmælti úrslitunum. Hún stendur á sviðinu og segir sögu sína.

Að baki sýningarinnar liggur margra mánaða rannsóknarvinna, bæði í að kynna sér pólitíska sögu Íran og kynnast Nazanin sjálfri og hennar sögu. Unnin voru mörg drög að handriti áður en fundinn var eiginlegur fókus og framsetning.

Sýningin er á mörkum þess að vera fyrirlestur og leikhús en Nazanin er auðvitað ekki leikari þó að hún tali skv. handriti og blaðalaust. Video er mjög stór þáttur í sýningunni bæði sem áhrifamáttur og til að skýra betur út söguna. Þetta er mjög pólitísk sýning í virku samtali við samtímann enda flóttamannaumræðan aldrei verið meiri en nú.